



Skóla- og frístundaráð

Úrbætur til að bæta loftgæði í Laugarnesskóla - Tilvísun í mál SFS2019110078.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. nóvember 2019 lögðu skóla- og frístundafulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

"Lagt er til að farið verði í úrbætur til að bæta loftgæði í Laugarnesskóla. Mælingar hafa sýnt að styrkur koltvísýrings sé þar of hár og yfir viðmiðunarmörkum í kennslustofum í eldri byggingu skólans enda ekkert loftræsikerfi þar til staðar. Hár styrkur koltvísýrings í lofti getur valdið óþægindum og slappleika. Ekki er boðlegt að bjóða nemendum og starfsfólki upp á heilsuspillandi húsnæði og því mikilvægt að farið verði í úrbætur strax. Nú þegar hefur slæmt ástand skólans haft áhrif á starfsmannamálin."

Umsögn:

Unnið er að því að reyna að finna lausnir á loftskiptum í kennslustofum eldri skóla þar sem ekki er loftræsikerfi til staðar. Í byrjun árs 2020 var boðin út ástandsúttekt í öllum grunnskólum, leikskólum og frístunda- og félagsmiðstöðum. Í þeirri úttekt gert ráð fyrir að meta loftgæði með loftmagnsmælingum en þegar meta á loftgæði þarf fyrst að gera grein fyrir hvernig loftskiptum er háttað. Er vélrænt loftræsikerfi til staðar eða er loftræst í gegnum opnanleg gluggafög sem dæmi.

Almennt uppfyllir loftræsing um opnanleg fög ekki nýjustu byggingareglugerðina og því hefur verið og brýnt hefur verið fyrir skólastjórnendum að opna vel glugga í frímínútum þannig að endurnýjun lofts verði sem mest. Nemendafjöldi í hverri stofu mikil áhrif á loftgæði. Í framhaldi á úttekt verður farið í sértækar lausnir fyrir hvern skóla fyrir sig eftir því sem nauðsyn er. Rétt er að geta þess þegar margir af eldri skólunum voru byggðir var gert ráð fyrir að loftskipti kæmu með loftun undir hurðir í skólastofum fram á gang. En eftir að brunareglugerð var breytt og hver kennslustofa gerða að sér brunahólfi þá er sá loftunarmöguleiki úr sögunni.

Agnar Guðlaugsson,
skrifstofu framkvæmda og viðhalds